

E.9. Einkaskjalasafn, Páll Vídalín, örsk 12.

[Það sem er innan hornklofa í uppskriftinni er tilgáta og fjöldi núlla samsvarar áætluðum fjölda stafa og stafabila sem eru annaðhvort illlæsileg eða trosnuð burt úr forritinu.]

Efter því Jeg underskrifadur Þottest Nockud Hart verda að þola af þeim Misverkum, sem af yður Edla og Velvyse Hr. Paall Jonsson Widalin vid mig framm komu i IngialldsHollis Kyrkiu i Junio Mánude Anni 1711. Þar firir Stefne Jeg Jön Jonsson Kall yður Edla og Velvyse Hr. Paall Jonsson Widalin til IngialldsHölls Þingstadar Rietts i Ness Repp á Þann 1ta dag Octobris Mánadar á þessu yferstandande äre Anno 1714 Firer döm VelEdla Hr. Logmannsins Nordann og Vestann a Isslande Samt Kongl. Mayts Vel til truads Sysslumanns er SnæfellsNess Sysslu Hr. Odds SigurdsSonar Edur hans Fullmegtugs, Sem þar þ[ä] tilsettur verda kann Riettinumm að beþjena Samt þar umm þetta mäl tilnefnda doms Menn.

Fyrst stefne eg yður til að Heyra Myn góg[n] og vitnissburde sem þá Nälæger Þingsökna Menn munu bera umm þaug misverk sem Jeg [þyk]est ä möte Riette af yður Edla og vel vyse Hr. Paall Jönsson Widalin i Junio manude og i Ing[ia]llsHollis kyrkiu ä því äre Anno 1711 Verda a[d] lyda oldungess Saklaus, að Mýnu Vite, Hva[r] a eg gief yður þær frekustu Saker Sem l[ógin] mier Leifa.

2° Stefne eg yður til að lyda döm firer það yðar tiltæke vid m[ig] að þier ä Nefndu IngialldsHollis Kyrkiustad og þar i Sialfre Kyrkiunne i Junio Manude Stra[x]Nefnds Ärs 1711 tokud mitt Eigned hofud fat, [med] Hvatlegre hennde, og Slöud mig ött og týt med þ[vi] Sama Mynu Hofudklæde umm Mitt bert Hófu[d] Og Vännga þar til það Mitt Nefnt Hofud klæd[e] Eða Hetta Slitnade fra darinu, ä Hvorum [yd]ar MisVerkumm vid mig Jeg gief yður þær frekustu Saker Er eg mä að lógumm.

3° Stefne Eg yður firir það döm að þola, að þier mig Slöud ä mitt andlit med yðar Reyr sta[f] ä oft Nefndumm týma og Stad i Ingiallds Ho[lls] Kyrkiu Anno 1711, af hveriu hogge að blämi og b[öl]ga hliop upp firir Nedann augad ä mier, so s[em] Goder Menn Säu, og firer þessa Mýna sak[ar]gift gief eg yður þær Saker er Logenn Mie[r] framast leifa.

4° Og i fiord[a] mäta Stefne eg yður Edla og Velvyse Hr. Paa[ll] Jonsson Widalin, firir þá laklega Vidhondlan og medferd sem þier lietud yðar þá verande Þion[u]stu Mann Þord Þorvardsson vid mig hafa og h[ö]fdud Sialfer ä firrtiedumm Stad og deige i greindre Ingialldshollis kyrkiu og Junio m[ä]nude Anno 1711 i því að Slýta af mier mýn f[ót] og oll þaug yðar og yðar þienara lakleg vids[ki]fte vid mig So sem frömt fölk Mun mie[r] þar umm að vitne gagnast.

Kome þier ärdeigess ä hier tiedann Þingstad Ingialdshöl ä þann 1ta dag Octobris mánadar þessa ärs 1714. Og býded þar ä Þing[e]nu Inn til þess Endelegur lagadomur er geingenn ä mille, yðar og mýn i þessu Ockar mal[a]ferle, og vered þá for þeinktur umm öll gógn og afbataner yðar / ef hafa kunned / uppa Hier firer ofann skrifadar mynar fiörar stefn[u] äkiærur, Enn Velnefdann Sysslumanne[nn i] Snæfells Ness Sysslu VelEdla Hr. Odd Sigurdsson Hefe eg umm beded þetta mitt Stefnu bref uppä Riettarens Vegna Lóglega [a]d läta birta, þessare Minne stefnu [t]il Stadfestu fullkominnar skrifa eg Mitt Nafn [h]ier unnder að Frödärkote i Neshrepp [þ]ann 12 Juny Anno 1714. Jon Jons son karl meh

Þegar Jeg underskrifadur var i Kongl. Majst Comissions [E]rendum að Stadarstad þann 21 Junij Anno 1714 Sýnde Jon Einarsson Sendemadur vicelógmansins Odds Sigurdssonar mier þetta bref, og giöre Jeg med þessare [m]inni uppä Skriffit Þier Jon Jonsson Karl Contra Stef[nu] [ti] Skälhoollts i Biskupstungum a þann 30 Augusti [n]u i är 1714 til að heyra þar vitne Sr Þorsteins [K]etelssonar, og Þorkells Þorsteinssonar um þijn[ar] fram[f]erder til orða og atvika vid mig ä IngialldsHoole [000000] Anno 1711 og allt hvad þeir vilia vitna um það [mäl]efne sem þin framann Skrifud Stefna ährærer. Vertu komenn ärdeigis i aqvedinn Stefnu

dag. Þess[a]re minne Stefnu til Stadfestu er mitt undir Skrifad nafn ad Stadarstad þann 21
Junij Anno 1714 Paall Jonsson Widalin mpp

Annann original Stefnunnar Jons Karls afhendte Jon Einarsson mier dat. ut supra Paall
Jonsson Wid[alin mpp]

[Ei]ns Hliödande Stefnu til votta aheyrslu til Jons Kar[ls samhlioda h]inni Hier fyrer ofann
Skrifud Stendur, ~~Stefnu~~ var [0000000 u]ppä þann Stefnu original S[em] logmadurenn Paall
[Jonsson Widalin] Sier afhendti [vi]celovmann[enum Odde Sigurdssyne]

[Kvæði Jóns Jónssonar karls, sbr. *Vísnaðver Páls lögmanns Vídalíns (1667–1727)*. Jón Þorkelsson sá um prentun á því. Kaupmannahöfn 1897, bls. 198–199.]

Nokkrar gamanvísur.

Heldur varstu hátalaður Hóls á þingi,
herra Páll, með hárið danska,
hafðir á lopti reyrinn spanska.

Heyrt hef eg þinn herradómur hér á nesi,
að keypt hafi af þrælum þínum
að þjaka fast að beinum mínum.

Og gefið til þess gjaldið slétta (úr) gulum posa;
svo sköruglega skeinkja meiga
og skyrinu sletta, sem það eiga.

Þú gefur mér hvorki gelgjuroð né gáms þunnildi,
það er víl og þó án hneisu,
þér eigið sjálfir langa reisu.

Aldrei hef eg á æfi minni áður fyrri
verið úr húsi drottins dreginn
og dapurlega höggum sleginn.

Gerzt hef eg hjá góðum mönnum glaðr af víni,
alli(r) þeir með æru sína
ósiðsemi liðu mína.

En það leizt ekki þér að gera, þú lögmaður!
ef þú mátt með heiðri heita;
heppinn er sá góðs skal leita.

Aldrei skal eg þó áhrinsorðum illa biðja,
nema eg til þess neyðast meigi;
náðin drottins bregzt mér eigi.

Það var yðar lítillæti lofstír sléttur
að sýna yður smáan svo á hjalli
að sjá í rass á Jóni kalli.



Spanskreyr var notaður hér áður fyrr af kennurum, jafnt til að hvetja nemendur áfram í náminu og til að refsa þeim fyrir agabrot. Það er spurning hvort þetta sé það sem átt er við þegar talað er um að illa undirbúnir skólasveinar hafi setið við asnastaf. Eins og flestum mun kunnugt þá þurfa asnar oft hvatningu til þess að komast úr sporunum (sbr. keyri kennir asna að ganga) og það að sitja við asnastaf hefur því væntanlega þýtt að sitja í höggfæri við kennarann. Mynd tekin af alnetinu.



Skólameistari refsar lærisveini sínum. Mynd eftir Pieter Breugel eldra frá 1556 sem ber heitið: Asninn í skólanum. Neðst á myndinni er áletrun þar sem segir eitthvað á þá leið: Ef þú kostar asna til náms þá skaltu ekki búast við því, ef hann er í raun og veru asni, að hann útskrifist sem hestur. Mynd tekin af alnetinu.